

## Stjórnarfundur UMSB 2. júlí 2015

Mættir: Sigurður sambandsstjóri, Ásgeir, Kristín, Sólrún Halla, Sigurður tómsbundastjóri og Pálmi framkvæmdastjóri

1. *Formaður setur fundinn*
2. *Formaður ber undir atkvæði fundargerð síðasta stjórnarfundar.*

### **Fundargerð samþykkt.**

3. *Verkefni í gangi:*

- a) Húsnæði UMSB – flutningur

Alveg að verða tilbúið, aðeins eftir að mála. Förum fljótlega að flytja húsgögn og fleira. Stjórn verði vakandi yfir því að fá húsgögn, eins og t.d. sófa, sófaborð og borðbúnað.

Siggi tómsbundastjóri fer í frí 13. júlí og Pálmi fer í frí 3. júlí. Skrifstofa UMSB er lokuð í tvær vikur, frá 13. – 27.júlí.

- b) Undirbúningur v. ULM 2015

Pálmi er að virkja stýriþing í hverri grein. Útbúin facebook síða þar sem fólk getur fylgst með hverjir eru að fara og geta þar hópað sig saman. Ef fólk er búið að skrá sig þá lætur það vita inn á facebook síðunni.

**Bókun:** Pálmi býr til facebook síðuna og fylgist með henni.

- c) Undirbúningur v. ULM 2016

Fyrsti fundur hjá undirbúningsnefnd ULM 2016 var í gær, miðvikudag, og þar mættu Pálmi framkvæmdastjóri UMSB, Sigurður sambandsstjóri UMSB, Páll S. Brynjarsson, Jökull Helgason, Kolfinna Jóhannesdóttir sveitarstjóri Borgarbyggðar og Guðrún Hilmisdóttir sviðstjóri skipulagsmála hjá Borgarbyggð.

Ræddu um kostnað og það sem þarf að framkvæma. Það voru teknar 5 milljónir frá hjá Borgarbyggð fyrir undirbúning Unglingalandsmóts. Guðrún er að vinna að kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdir á Kárastöðum:

- Moka upp úr skurðum
- Leggja rafmagn inn á svæðið, bráðabirgða eða varanlegt
- Göngustígar og vegagerð

Þegar kostnaðaráætlun er klár þá förum við að forgangsraða. Næsti fundur áætlaður fljótlega eftir verslunarmannahelgi.

- d) Stefnumótunarfundur um framtíðarmarkmið UMSB

Fundur í Hjálmakletti þar sem 12 manns mættu til þess að móta stefnu og framtíðarmarkmið UMSB. Fínn fundur þar sem flestir voru sammála stefnu UMSB, ekki miklar róttækar breytingar.

**Bókun:** Pálmi flokkar niður punktana og stjórnin vinnur síðan úr þessu fljótlega í ágúst.

4. *Verkefni tómstundasamnings, Sigurður tómstundastjóri fer yfir stöðuna.*

Íþrótt- og tómstundaskólinn kláraðist í byrjun júní og félagsmiðstöðvarnar líka. Síðan þarf að fara að endurskoða veturinn með Íþrótt- og tómstundaskólann. Sigurður og Pálmi ætla að einfalda skráninguna inni í Nóra þannig að allar skráningar í Íþrótt- og tómstundaskólann næsta vetur verði í þar í gegn. Þeir notuðu þetta fyrir Sumarfjórið og það voru kannski 5 sem höfðu samband sem áttu í basli með að komast í gegnum kerfið.

Sumarfjórið hefur verið í gangi í Borgarnesi, á Varmalandi, á Kleppjárnsreykjum og á Hvanneyri. Féll niður ein vika í Borgarnesi og ein vika á Kleppjárnsreykjum. Eru með starfsmenn, í Borgarnesi - Elísabet Fjeldsted er flokksstjóri í Vinnuskólanum í Borgarnesi, á Hvanneyri – Björk Jómundsdóttir og hún mun vinna áfram að skrifstofuverkum fjölbreyttum. María Guðmundsdóttir hélt utan um Sumarfjórið í Borgarnesi, á Bifröst sá Erla um Sumarfjórið, á Hvanneyri sá Þorsteinn Björnsson og Unnur Lindudóttir um Sumarfjórið, á Kleppjárnsreykjum sá UMF. Reykdælir um Sumarfjórið og UMF. Stafholtstungna sá um Sumarfjórið á Varmalandi. Komu smá ádeilur um hækkun á verði í Borgarnesi, en ákveðið var að samræma verð um alla Borgarbyggð.

Ætla að reyna að hafa fjölbreyttari æfingar í boði í vetur á öllum stöðum, í Borgarnesi, á Varmalandi, á Kleppjárnsreykjum og á Hvanneyri. Fjármálin standa vel og skipulag gengur vel. Verið að gera meira fyrir minni pening.

5. *Önnur mál*

a) Umsókn um styrk frá SamVest. Verið að óska eftir því að öll félög sem eru aðilar að SamVest greiði 30 – 50 þúsund hvert. Þetta er gert til þess að greiða niður samæfingar og sumarmót SamVest.

**Bókun:** Ákveðið að greiða til SamVest 50 þúsund krónur.

b) Kristín spurði hver sér um 17. júní í Borgarnesi? Pálmi svaraði að Borgarbyggð lagði pening í málið og skipulagði í sameiningu með UMSB. Rætt um það hvort að það eigi að láta þá smá pening í félögin sem eru að undirbúa í uppsveitunum.

**Bókun:** Þarf að skoða þetta betur fyrir næsta 17. júní, hvort að það megi ekki láta alla skipuleggjendur hafa svólíttinn pening til þess að halda 17. júní hátíðlegan.

c) Pálmi nefnir að það þurfi að skoða úthlutunarreglur UMSB og Borgarbyggðar til aðildarféлага. Úthlutun miðast að langmestu leyti við iðkendur 6 – 16 ára. Þurfum við ekki að hafa smá menningartengda úthlutun?

Fundi slitið kl. 21:35

Sólrún Halla ritaði fundargerð